

101
23. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „allt að 1000 kr.“ í 1. málsg. 88. gr. komi: allt að 15000 kr.

2. gr.

Fyrir orðin „sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr.“ í 89. gr. komi: sektum frá 1000 kr. og allt að 15000 kr.

3. gr.

Fyrir orðin „sektum, ekki lægri en 500 kr.“ í 90. gr. komi: sektum, ekki lægri en 8000 kr.

4. gr.

Fyrir orðin „sektum allt að 500 kr.“ í 91. gr. komi: sektum allt að 5000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1953.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

102
23. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1953 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1953.
- Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtist með 75% álagi.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréflagjald og lestagjald.
- Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.

f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, 102 nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli 23. des. samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

103

23. des.

um breyting á lögum nr. 61/1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a. 2. málsg. 2. gr. laganna falli burt.

b. Í stað orðanna „ef um algeran skiptapa er að ræða“ í 6. málsg. sömu lagagr. og málsgreinina út komi: með samþykki Samábyrgðarinnar og samkvæmt nánari fyrirmælum, er hún kann að setja.

2. gr.

Aftan við 2. málsg. 3. gr. laganna bætist: Heimilt skal með samþykki hlutað-eigandi vélbátatryggingarfélaganna og Samábyrgðarinnar að váttryggja skip eða báta hjá öðrum váttryggingarfélögum, er starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Geti félögin ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, þó aldrei meira en 800000 kr.

Auk þess er heimilt að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánum, er þau kunna að taka, þó svo, að sú ábyrgð nemi ekki meiru en einni milljón króna fyrir öll félögin.

Styrkur skv. 1. málsg. er endurkræfur ásamt 4% ársvöxtum.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur að áliti Samábyrgðarinnar, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukagjald á váttryggðu, sem nemi allt að 1% af váttryggingarfjárhæð skipanna á ári. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt, og fer um innheimtu þess eftir sömu reglum og innheimtu iðgjalda.